

KOMDU OG SKOÐAÐU LÍKAMANN

SÖGUAFERÐ

SÖGURAMMI (STORYLINE)

ÉG ER FRÁBÆR EINS OG ÉG ER

1. Heimilið

- a) Hvar áttu heima? Hugstormun/orðalisti.
- b) Hvert barn býr til sitt hús (fellimynd).
Þau teikna húsið að utan og teikna síðan það sem er innan veggja heimilisins inn í húsið.

2. Ég sjálfur

- a) Hvert barn býr til dúkkulísu sem á að tákna það sjálf.
Barnið skráir nafn og afmælisdag.
- b) Fjölskyldan mín og gæludýrin.
Barnið býr til dúkkulísur sem eiga að tákna heimilisfólkið og gæludýr ef einhver eru. Barnið notar mismunandi langa renninga til þess að sýna hvort um er að ræða fullorðinn eða barn.
Barnið skráir nöfn og aldur.

3. Atburðir (hópvinna)

- a) Morgunverður.
- b) Kvöldverður.
- c) Háttatími.
- d) Úti- og innileikir.
Börnin geta unnið myndrænt, sagt frá, leikið atburð eða samtal eða sýnt með látbragði einhvern ákveðinn atburð.

4. Annatími – rólegir tímar

- a) Börnin velja sér ákveðinn atburð og búa til klippimynd.
- b) Börnin semja ljóð út frá tilfinningum sínum sem tengjast ákveðnum atburðum (sjá lið 3). Ég sé, ég heyri, ég finn lykt af, ég bragða, ég snerti og ég finn ...

5. Viðburðir

- a) Afmæli.
Súlurit yfir afmælisdaga barnanna.
Hvernig undirbúum við afmæli? Hugstormun, skráning.
Boðskort, gestir, óskalisti, veitingar, afmæliskaka, uppskriftir, kerti, blöðrur, afmælispakkar, afmæliskort, afmælissöngur og leikir.
Börnin velja sér viðfangsefni og vinna saman í hópum.
- b) Hátíð.